



# UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 21  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Á: (+354) 591 2000

Fax: (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Eyja- og Miklaholtshreppur  
Ólafur K. Guðmundsson  
Dalsmynni 2  
311 Borgarnes

21. ágúst 2003

Tilvísun: UST20030800108/6á

## Deiliskipulag vatnsaflsvirkjunar í Straumfjarðará við Baulárvallavatn


Vísað er til auglýsingar í Lögbirtingarblaði, dags. 10. júlí sl., þar sem auglýst er deiliskipulag fyrir vatnsaflsvirkjun í Straumfjarðará við Baulárvallavatn.

Umhverfisstofnun bendir á að hvorki er í gildi svæðis- né aðalskipulag fyrir þetta svæði og stofnuninni hefur því ekki gefist tækifæri til athugasemda við umrædd landnýtingaráform á fyrri stigum málsins. Ennfremur er umfjöllun um matsskyldu þessarar framkvæmdar, í samræmi við lög nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, enn til meðferðar hjá Skipulagsstofnun og hefur Umhverfisstofnun gefið umsögn sína um matsskyldu hennar með bréfum dags. 6. og 20. ágúst sl.

Stofnunin bendir á að verði framkvæmdin úrskurðuð matsskyld megi búast við breytingum á útfærslu framkvæmdarinnar í samræmi við niðurstöður matsvinnunnar. Jafnframt telur stofnunin að á meðan úrskurður Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar liggja ekki fyrir sé svigrúm Umhverfisstofnunar, líkt og annarra lögbundinna umsagnaraðila um mat á umhverfisáhrifum, til athugasemda takmarkað þar sem athugasemdir stofnunarinnar við umrædd landnýtingaráform kunna að hafa áhrif á aðkomu stofnunarinnar að hugsanlegu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þær athugasemdir sem stofnunin gerir í umfjöllun um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar eru þess eðlis að þær geta hugsanlega haft áhrif á landnýtingu svæðisins skv. deiliskipulagi. Meðan ekki liggur fyrir hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum telur stofnunin að ekki sé tímabært að staðfesta ofangreint skipulag.

Því telur stofnunin að fresta eigi staðfestingu þessa skipulags og framlengja frest til athugasemda. Við tímasetningu nýs athugasemdafrests verði tekið tillit til tímasetningar á úrskurði Skipulagsstofnunar vegna matsskyldu framkvæmdarinnar, kærufrests vegna þess úrskurðar og vinnuferils við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, fari svo að framkvæmdin verði úrskurðuð matsskyld.

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Arnason

  
Hólmur Jónsson

Afrit: Skipulagsstofnun